

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 23.-25. febrúar 2007

Setningarræða Steingríms J. Sigfússonar

Góðir landsfundarfulltrúar og aðrir gestir, félagar og vinir.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til fimmta reglulega landsfundar Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.

Ég vil í upphafi máls míns færa öllum þeim þakkir sem lagt hafa hönd á plóginn við undirbúning fundarins og auðvitað sérstaklega framkvæmdastýru okkar, Drífu Snædal, og starfsmanni, Birgittu Jónsdóttur, en auk þess öllum þeim sem komið hafa að málefnaundirbúningi, hönnun, umgjörð og skipulagningu fundarins og öllu því gríðarlega starfi sem liggur að baki því að undirbúa samkomu sem þessa. Þær Kolbrún Halldórsdóttir og Svandís Svavarsdóttir hafa ásamt varaformanni okkar, Katrínu Jakobsdóttur, haldið utan um ýmsa þætti undirbúningsstarfsins og svo þaulhugsaður var undirbúningurinn af þeirra hálfu að litlu munaði að þær færu ásamt grafískum hönnuði með mig til að kaupa föt sem pössuðu við umgjörð fundarins. Ég rétt slapp þar með skrekkinn.

Þessi fundur er stærri samkoma en við Vinstri græn höfum nokkru sinni áður haldið. Það leiðir beint af þeirri ánægjulegu staðreynd að flokkur okkar hefur vaxið og dafnað jafnt og þétt og aldrei verið fjölmennari, betur skipulagður og kröftugari en nú. Þrjúþúsundasti félaginn er í sjónmáli og frá því við hittumst síðast hefur flokkurinn farið í gegnum sveitarstjórnarkosningar á sl. vori og var þar óumdeilanlega einn helsti sigurvegari kosninganna. Við eignuðumst fjölmennan og breiðan hóp sveitarstjórnarfólks, urðum þriðja stærsta stjórn málaaflið á sveitarstjórnarstiginu og sérstaklega er staða okkar sterk í stærstu sveitarfélögum landsins: þannig eigum við sex borgar- og bæjarfulltrúa í fjórum stærstu kaupstöðunum.

Það var óhemju gaman að taka þátt í sveitarstjórnarkosningunum sl. vor. Þó að ég gengi nú kannski ekki alveg á öllum, eins og sagt er á máli vélarmanna, þá varð ég ekki frekar en nokkur annar ósnortinn af þeim mikla og jákvæða baráttuanda, þeirri samstöðu og bjartsýni sem einkenndi allt okkar starf. Útkoman varð enda glæsileg, eins og áður sagði, og upp úr kjörkössunum skilaði sér nokkurn veginn það fylgi sem skoðanakannanir höfðu verið að mæla okkur vikurnar og mánuðina á undan. Um leið gáfum við langt nef öllum kenningum um að við séum flokkur sem fyrst og fremst skori í skoðanakönnunum en fáí alltaf minna í kosningum. Að sami skapi afsannaðist sú kenning að Framsóknarflokkurinn vinni alltaf á í kosningabaráttu og fáí mun meira en honum hafði verið spáð. Í sveitarstjórnarkosningunum sl. vor galt Framsóknarflokkurinn einmitt það afhróð sem honum var spáð og hann átti skilið. Bestu auglýsingastofur landsins og þó víðar væri leitað dugðu Framsókn ekki að þessu sinni frekar en þær munu gera í kosningunum til Alþingis nú í vor.

Verkefni þessa fundar eru auðvitað ærin og þó enn meira starf framundan. Hvað málefni snertir og skipulag og undirbúning erum við prýðilega á vegi stödd. Við þurfum í sjálfu sér ekki á landsfundi að halda af þeim sökum. En það er engu að síður þannig að það er gott að hittast, stilla saman strengi og efla andann í upphafi aðgerða af því tagi sem kosningabarátta er. Þessi fundur markar með vissum hætti hið formlega upphaf baráttunnar. Allir framboðslistar okkar liggja nú fyrir og hafa verið endanlega afgreiddir og samþykktir. Ég held

við hljótum að láta eftir okkur að gleðjast yfir því hve vel hefur til tekist með framboðin. Uppstilling eða prófkjör hefur alls staðar farið fram í góðri sátt og útkoman er sterk blanda af fólki með reynslu og glæsilegum nýjum liðsmönnum sem auka breidd okkar framjódendasveitar og tryggja endurnýjun. Sérstaka athygli, ég vil nú ekki segja öfund, vekur sterk útkoma og staða kvenna á okkar framboðslistum. Afleiðingin er sú að það er alveg sama hvernig kosningarnar fara hvað okkur snertir, hvort við fáum 10 þingmenn, 8, 12 eða 14 að hlutfall kynja yrði alltaf í jafnvægi og, ef eitthvað, líkurnar heldur meiri á að konur verði í meirihluta í tilvonandi þingflokki, stórum þingflokki.

Það eru hins vegar mikil vonbrigði hve hlutur kvenna virðist ætla að verða rýr og minnkandi hjá öðrum flokkum, með þeirri undantekningu þó að Framsóknarflokkurinn stendur sig vel að þessu leyti og er við hliðina á okkur í því að tryggja jafnan hlut kynja – ekki oft sem manni gefst færi á að hrósa Framsókn en þá er líka rétt og skylt að gera það. Þeir verða líka að eiga það sem þeir eiga Framsóknarmenn þar með talið, að það er þeim að þakka að hlutur kvenna er þó það sem hann er í ríkisstjórn. Að þessu leyti eigum við Vinstri græn og Framsókn góða samleið í kosningabaráttunni en þar með er það sennilega langleiðina upp talið.

Kosningaundirbúningurinn og starfið er auðvitað komið á fulla ferð og fundurinn hér er viðamikill hluti af því. En við komum hér líka saman til þess að kynnst, gleðjast og finna styrkinn sem er fólgin í því að vita hvert af öðru. Við erum klár í bátana og við ætlum að varðveita hinn glaðbeitta baráttu- og samstöðuanda sem er ein okkar verðmætasta eign fyrir utan okkur sjálf og góðan málstað. Og við munum, góðir félagar, halda áfram að vera við sjálf. Við þurfum enga „hönnun“ eða aðkeypta andlitslyftingu áður en við getum gengið fram fyrir þjóðina, við þurfum ekki á neitt brosnámskeið.

Víkjum þá að stöðunni í íslenskum stjórnámálum, okkar vígstöðu og möguleikum. Í fyrsta lagi benda skoðanakannanir til verulegs meðbyrs. Þær sýna að fimmtungur til fjórðungur þjóðarinnar getur vel hugsað sér að fylgja okkur að málum. En kannanir eru vissulega aðeins kannanir og ekkert er í hendi eða sjálfgefið í heimi stjórnámálanna. Það vitum við vel og höldum okkur því með báða fætur á jörðinni.

Það sem gefur ekki síður tilefni til bjartsýni er, að mínum dómi, hin málefnalega staða og sá þungi sem nú er í umræðum um málaflokka þar sem Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur skýra sérstöðu og hefur áunnið sér tiltrú og virðingu fyrir einbeitta baráttu og einarðan málflutning. Það er auðvitað þannig að það er treyst á Vinstrihreyfinguna – grænt framboð. Þetta traust reyna nú ýmsir andstæðingar okkar að veikja. Þeir sem einna rýrastar innistæður eiga sjálfir af tiltrú og trausti meðal almennings þola gjarnan illa að aðrir búi að góðu orðspori. Við slíkar aðstæður gildir að halda ró sinni og sjálfsvirðingu og heyja sína baráttu áfram á málefnalegum forsendum en láta öðrum leðjuna eftir, hún er hál. Gróa gamla á Leiti sem á köflum hefur nú gengið í endurnýjun lífdaga í hinum rafræna heimi sumpart nafnlausra spjallrásar var, með söguburði sínum, víða aufúsugestur svona rétt í byrjun en fáir söknuðu hennar þegar hún fór, hvað þá báru virðingu fyrir henni.

Þjóðin veit að við erum einörð í okkar baráttu gegn stóriðju- og virkjanaæði ríkisstjórnarinnar, veit að við höfum staðið þar vaktina – alltaf. Líka þegar það var sem erfiðast. Líka þegar vindurinn blés á móti eins og hann gerði svo sannarlega fyrir fjórum, hvað þá fyrir átta árum síðan. Þá hvorki bognuðum við né brotnuðum, heldur brutum vindinn og nú hefur hann snúist, er orðinn að meðbyr og þá hyggjast margir sigla. Það er án nokkurs vafa mikil vitundarvakning orðin í umhverfismálum með þjóðinni og sú vakning og gengi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs eru nátengd og það með gagnvirkum hætti. Þeir sem

vilja róttæka og einbeitta umhverfisverndarbaráttu, baráttu sem líka er til staðar þegar á móti blæs og þegar hún er einmitt brýnust, þeir vita hvar þeir hafa okkur. Róttækni okkar er í þessu samhengi ekki þröskuldur heldur kostur í augum þeirra sem á annað borð vilja forgangsraða í þágu umhverfisins í komandi kosningum. Einn af efnaðri viðskiptajöfnum þessa lands, sem seint yrði flokkaður mikill vinstri maður í almennum skilningi, tjáði mér fyrir nokkrum vikum að hann hefði þegar gert upp hug sinn og ætlaði að kjósa okkur: í þágu umhverfiverndarbaráttunnar. Róttækni okkar í þeirri baráttu og einurð var honum ekki hindrun heldur það sem úrslitum réði.

Góðir fundarmenn, þegar við lítum til vísbendinga úr skoðanakönnunum, þegar við lítum til hinnar málefnalegu stöðu – þó vissulega sé ekki sami blásandi byrinn með áherslum okkar á öllum sviðum, í öllum málaflokkum – þá er tilefni til bjartsýni. Það kraumar undir mikil óánægja í samfélaginu með málefni aldraðra og öryrkja og með vaxandi misskiptingu almennt. Það ríkir megn óánægja með ópolandi árangursleysi og stöðnun í jafnréttisbaráttu kynjanna þar sem að kynbundinn launamunur vex heldur en hitt. Reiðin sýður í þjóðinni vegna frammistöðu ríkisstjórnarinnar á sviði utanríkismála, með hinn hörmulega stuðning við Íraksstríðið svo ekki bætist nú við ef Íslandi yrði þvælt inn í hugsanlegan stríðsundirbúning gegn Íran. Undarleggar tregðu hefur gætt af hálfu ríkisstjórnarinnar til að hafna slíku fyrirfram, rétt eins og hún hefur verið með öllu ófáanleg til að afturkalla með formlegum hætti stuðninginn við Írakstríðið.

Það er semsagt á mannamáli bullandi stemning fyrir því í samfélaginu að fella ríkisstjórnina. Þjóðin vill breytingar. Og það er gríðarlega mikilvægt að allir átti sig á að forsenda þeirra breytinga er ein og aðeins ein: það er að fella ríkisstjórnina! Það verða engar breytingar í íslenskum stjórnámálum nema ríkisstjórnin falli. Það er algerlega á hreinu, eins víst og að tvisvar tveir eru fjórir, jafn öruggt og að vatnið leitar niður í móti, að hangi stjórnarflokkarnir á meirihluta, þá halda þeir áfram. Þeir eru samgrónir eftir 12 ára sambúð. Framsóknarflokkurinn lifir engri sjálfstæðri tilveru. Einasti tilgangur hans, grundvöllur tilveru hans, eina markmið hans, er að vera áfram við völd í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Það er mikill kostur að landslagið er að þessu leyti skýrara en oft áður. Það er meira að segja svo komið að Framsóknarmenn reyna tæpast að taka sér í munn hina margtuggnu og slitnu klisju um að þeir gangi óbundnir til kosninga. Þess vegna vita íslenskir kjósendur að atkvæði greitt Framsóknarflokknum er sama og atkvæði greitt Sjálfstæðisflokknum. Menn kjósa í raun Sjálfstæðisflokkinn í gegnum Framsóknarflokkinn. Og öfugt: atkvæði greitt Sjálfstæðisflokknum er um leið atkvæði greitt Framsóknarflokknum, fari svo illa að þessir tveir flokkar haldi saman meirihluta.

Þess vegna er hið stóra sameiginlega verkefni stjórnarandstöðunnar að fella ríkisstjórnina. Og við höfum sagt meira: takist það, ber stjórnarandstöðunni að líta á það sem áskorun um að mynda saman ríkisstjórn og taka völdin í landinu. Þannig gefst þjóðinni færi á hreinum umskiptum. Þannig virkar lýðræðið best. Sú samstilling stjórnarandstöðunnar sem tókst sl. haust og hefur verið fylgt eftir á ýmsan hátt, m.a. á Alþingi í vetur, var jákvæður og mikilvægur atburður í íslenskum stjórnámálum. Linnulausar tilraunir andstæðinga okkar, stjórnarflokkanna og fjölmiðla sem þeim standa nærri, til að gera lítið úr þessari samstöðu og hafa hana í flimtingum sýna að þeir skynja þá hættu sem þeim er búin ef þeir þurfa að mæta í vor samstilltri og trúverðugri stjórnarandstöðu, stjórnarandstöðu sem er vanda sínum vaxin, stendur í stykkinu og hefur sjálfstraust og metnað til þess að bjóða upp á sjálfa sig sem trúverðugan valkost. Þegar þrátt fyrir allt blæs það byrlega að aftur og aftur er okkur mælt svipað eða jafnvel meira fylgi en stjórnarflokkunum, þá væri það undarleg stjórnarandstaða sem að ekki rynni blóðið til skyldunnar, sem ekki fengi það sem danskurinn myndi kalla

„blod på tanden“, og tvíefldist í þeim ásetningi sínum að fella ríkisstjórn og taka við. En þessu ráðum við auðvitað ekki ein, góðir félagar, og við munum ekki ganga skuldbundnari til kosninga að þessu leyti heldur en samstarfsflokkar okkar í stjórnarandstöðunni eru tilbúnir til að gera. Svo einfalt er það.

Eins og útlitið sem sagt er um þessar mundir þá eru bullandi möguleikar á hvoru tveggju, að fella ríkisstjórnina og að mynda nýja og betri ríkisstjórn með okkar aðild. Og veltum því þá aðeins fyrir okkur, með eðlilegum og nauðsynlegum fyrirvörum á könnunum og öllu því: Færi nú svo að þetta takist hverju væri það þá að þakka? Jú, allar kannanir undanfarnar vikur og mánuði hafa sýnt að það væri fyrst og fremst einu að þakka að það tækist að fella ríkisstjórnina og það væri sögulegum og stórum kosningasigri Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Við höfum mánuðum saman verið eini flokkurinn sem hefur mælst stöðugt með umtalsvert, reyndar íðulega tvöfalt og langleiðina í þrefalt það fylgi sem við fengum í síðustu kosningum. Aðrir flokkar eru samkvæmt öllum þessum mælingum ýmist að tapa fylgi – sumir verulega eins og Framsókn – eða u.þ.b. halda sjó. Þetta er það stóra og það sögulega sem getur verið í vændum og við, góðir félagar, við skulum ekki unna okkur hvíldar, við skulum leggja nótt við dag og gera allt sem í okkar valdi stendur til að láta þennan draum rætast.

En af hverju skiptir öllu máli að fella ríkisstjórnina? Hvers vegna leggjum við ofuráherslu á það?

-Það er ekki vegna ráðherrastólanna. Það er ekki vegna titlanna. Það er ekki fyrst og fremst vegna þess að ríkisstjórnin er þreytt, er útbrunnin, hugmyndasnaud og geld.

-Það er ekki vegna þess eingöngu að gríðarleg valdpreyta, svo ekki sé sagt spilling, hefur einkennt framgöngu ýmissa ráðherra og forystumanna stjórnarliðsins undanfarin misseri.

-Það er ekki bara vegna þess að frelsa þurfi málaflokkana undan járnkrumlum íhalds og Framsóknar, undan oki undanfarinna 12 eða 16 ár. Auðvitað er brýnt að frelsa dómsmálin, menntamálin og samgöngumálin undan Sjálfstæðisflokknum eða félags- og heilbrigðismálin undan Framsókn, svo ekki sé talað um forsætis- og utanríkisráðuneytin sem þessir flokkar hafa kastað á milli sín.

-Nei, þetta er allt fullgilt. En aðalástæðan, það sem gerir það svo óhemjulega mikilvægt að það takist að fella ríkisstjórnina, er þörfin fyrir grundvallar stefnubreytingu. Það er sú staðreynd að án þess að koma ríkisstjórninni frá verður engin sú stefnubreyting á sviði velferðarmála, umhverfismála, utanríkismála, atvinnu- og byggðamála, hvað varðar jafnréttismál, kvenfrelsi og stöðu kvenna, hvað varðar efnahagsmál o.s.frv., sem við þurfum svo sárlega á að halda.

Ég held að eitt það besta sem við getum gert sé að draga hlutina upp með einföldum hætti, velja mikilvægustu lykilspurningar þessarar kosningabaráttu, bera þær þannig upp að einfalt sé að svara og helst með jái eða nei.

Og hverjar eru þessar lykilspurningar íslenskra stjórnamála í dag?

1. Jú það er í fyrsta lagi spurningin um velferðarsamfélagið. Það er spurningin um það hvort menn vilja á Íslandi norrænt, samábyrgt velferðarsamfélag eða áframhaldandi ameríkanísingu þjóðfélagsins. Vilja menn norrænt velferðarsamfélag á Íslandi, já eða nei? Ef svarið er já, þá kjósa menn ekki stjórnarflokkana, svo einfalt er það.

2. Í öðru lagi, umhverfismálin. Þar er líka hægt að hafa spurninguna mjög einfalda. Vilja menn þá glórulausu stórvirkjana- og álvæðingarstefnu sem hér hefur verið í gangi? Vilja menn þá holskeflu sem framundan er með byggingu margra nýrra álvera með tilheyrandi stórvirkjunum ef þessi ríkisstjórn heldur velli? Vilja menn þetta, já eða nei? Ef svarið já, þá

kjósa þeir auðvitað Framsókn eða íhaldið beint. Ef svarið eru nei, ef menn vilja stóriðjustopp, þá kjósa þeir Vinstrihreyfinguna – grænt framboð.

3. Í utanríkismálum: Vilja menn þá þjónkun sem stuðningurinn við Íraksstríðið hefur orðið að vörumerki fyrir? Vilji menn það, þá geta menn kosið Íraks-flokkana, Íraks-flokka þeirra Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, nú Geirs Haarde og Jóns Sigurðssonar. En vilji menn það ekki, vilji menn að þarna verði grundvallarstefnubreyting og Ísland taki sér stöðu meðal þeirra þjóða sem vinna að afvopnun og friðsamlegri og lögmætri alþjóðasamvinnu, vilji menn alþjóðahyggju sem tekur ábyrga afstöðu til félags- og umhverfispátta, nú þá er alveg tilvalið að kjósa Vinstrihreyfinguna – grænt framboð.

4. Í atvinnu- og byggðamálum er spurningin líka einföld: Vilja menn þá uppgjafar- og vonleysisstefnu sem birtist byggðum landsins í sviknum loforðum um jöfnunaraðgerðir, svo sem að jafna flutningskostnað? Vilja menn áframhaldandi einkavæðingu almannaþjónustunnar burtu af landsbyggðinni? Vilja menn þá ríkisstjórn sem býr útflutnings- og samkeppnisgreinum þau hörmulegu skilyrði sem stóriðjustefnan hefur í för með sér? Vilja menn þá stefnu sem gefur byggðunum enga von, býður þeim ekki upp á neitt nema setja sig á biðlistann eftir álveri? Nú, vilji menn þetta þá kjósa þeir stjórnarflokkana en vilji menn það ekki, vilji menn snúa vörn í sókn, vilji menn öflugar jöfnunaraðgerðir, vilji menn fjölbreytni í stað einhæfni í atvinnumálum, þá kjósa þeir okkur.

5. Hvað varðar jafnréttismálin og stöðu kynjanna þá er spurningin líka einföld: Séu menn sáttir við þá stöðnun og það úrræðaleysi sem ríkir þá geta menn kosið stjórnarflokkana. En vilji menn róttækar kvenfrelsisáherslur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, sem hefur lagt til beinskeyttar aðgerðir í þessum efnunum, þá er sá kostur í boði.

6. Að lokum getum við tekið efnahagsmálin: Vilja menn það ástand óstöðugleika, verðbólgu, okurvaxta, dúndrandi viðskiptahalla og erlendra skuldasöfnunar sem er orðið að vörumerki afglapa þessarar ríkisstjórnar í hagstjórn? Vilji menn halda áfram, láta vaða á súðum og jafnvel leggja efnahagslífið og vinnumarkaðinn undir enn rosalegri stóriðju- og þensluveisluhöld en nokkru sinni næstu 5-8 árin, þá kjósa menn auðvitað einhvern stóriðjuflokkana.

Ef fólk hins vegar vill ríkisstjórn sem reynir að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, sem reynir að endurheimta þann mikla ávinning sem náðist með þjóðarsáttinni á sínum og tíma og þessi ríkisstjórn er að glata þá kýs það hvorki Framsókn né Sjálfstæðisflokk. Spurningin er ósköp einföld: Vilja menn stóriðjuóráðsúna eða vilja menn ábyrgð? Og við skulum, góðir fundarmenn, gera allt sem að í okkar valdi stendur til þess að auðvelda kjósendum svörin og öllum þeim sem að hafa ákveðið eða eru að velta því fyrir sér að fylgja okkur að málum, kleift að senda mjög skýr skilaboð með atkvæðaseðlinum 12. maí nk. Það skal verða aðalsmerki okkar baráttu að atkvæði greitt Vinstrihreyfingunni – grænu framboði verði algjörlega skýr skilaboð, verði krafa um þær róttæku áherslubreytingar sem við berjumst fyrir, verði rautt spjald á ríkisstjórnina, verði krafa um betra og réttlátara samfélag. Og auðvitað er það þannig, séð í ljósi þeirrar skýru málefnalegu stöðu sem Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur, að öflugasta aðferðin til að krefjast breytinga er að tryggja stórsigur okkar. Sigur okkar eru alveg skýr skilaboð, rauða spjalðið á helmingskiptaflokkana sem úthlutuðu sér einum banka hvor, útaf með þá og kjósendur veita um leið brautargengi okkar róttæku áherslum.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð er vinstri flokkur. Við erum ekki miðjuflokkur. Við látum öðrum eftir að fljúgast á þar. En við erum breiður vinstri flokkur. Við höfum innan okkar vébanda sjónarmiðin utan af vinstri væng íslenskra stjórn mála og inn í átt að miðjunni og með vaxandi styrk, með bylgjum nýrra liðsmanna, með öflugri endurnýjun kraftmikilla frambjóðenda og forystufólks á vettvangi landsmála og í sveitarstjórnnum, sem nú bera okkar málstað fram, erum við breiðari og öflugri hreyfing í íslenskum stjórn málum en um langan tíma hefur verið í boði að kjósa vinstra megin miðjunnar á Íslandi.

Áherslur okkar eru skýrar. Við höfum verið hin einarða og beitta stjórnarandstaða sem hefur veitt ríkisstjórninni aðhald og talað fyrir öðrum leiðum en þeim sem fylgt hefur verið í íslenskum stjórn málum frá því við urðum til fyrir 8 árum síðan. Staðreyndin eru auðvitað sú að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ráðið þessu landi í tæp 16 ár. Hann var leiddur inn í stjórnarráðið af Alþýðuflokknum með myndun Viðeyjarstjórnarinnar. Og myndin situr föst í hugum margra þegar þeir hlupu saman, nánast í faðmlög, á stéttinni framan við Viðeyjarstofu, Jón Baldvin Hannibalsson og Davíð Oddsson. Það var afdrifaríkur vinafagnaður þó hin pólitíska ást þeirra fóstbræðra hafi síðan nokkuð kulnað. Annar þeirra fer nú að sögn mjög grænkandi, en hinn glímir við afleiðingar eigin óstjórnar í efnahagsmálum, inni í Seðlabankanum.

Nú er mál að linni. Það er ekki það sem íslensk stjórn mál þurfa á að halda að þessar kosningar snúist upp í kapphlaup um það, hver fái að framlengja valdasetu Sjálfstæðisflokksins. Það er nóg komið. Reynslan sýnir að það hefur engu skipt hvað miðjuflokkurinn heitir sem heldur Sjálfstæðisflokknum við völd hverju sinni. Um Framsóknarflokkinn þarf tæpast að ræða í þessu sambandi. Ef eitthvað er nú lýðræðisleg nauðsyn, ef eitthvað getur flokkast undir nauðsynlega pólitíska hreingerningu, vorhreingerningu, þá er það að koma Framsóknarflokknum út úr stjórnarráðinu og í langa endurhæfingu. Framsóknarflokkurinn er einnig sem slíkur, sem flokkur, sem starfseining í stjórn málum, ekki í nokkru ástandi til að fara með völd. Vissulega má efast um heilsufar fleiri flokka og velta því fyrir sér hvort þeir eigi ekki nóg með að stjórna sjálfum sér um þessar mundir og séu lítt aflögufærir. En sleppum því og svo mikið er víst að við vinstri græn erum tilbúin.

Ég ætla hér, tímans vegna, ekki að eyða löngu máli í að rekja okkar áherslur, okkar forgangsverkefni. Það liggur alveg ljós fyrir hvað er þar efst á baugi. Það eru umtalsverðar úrbætur á íslenska velferðarsamfélaginu.

Það eru bætt kjör aldraðra og öryrkja, atvinnulausra og annarra tekjulægstu og verst settu hópa samfélagsins. Meðan fátækt fyrirfinnst í okkar ríka landi hefur flokkur sem okkar verk að vinna og getur engar hvíldar unnt sér. Það þarf að hækka lægstu laun umtalsvert og hlífa þeim við skattlagningu. Við viljum gjaldfrjálsan aðgang að velferðarþjónustunni, hvort sem það eru leikskólar, grunnskólar eða heilbrigðisþjónusta. Við viljum fjölskylduvænt og mannvænt samfélag þar sem allir geta lifað með reisn allt sitt líf, karlar og konur, Íslendingar í marga ættliði jafnt og þeir sem hingað hafa flutt að undanfögnu og auðga nú atvinnulíf, mannlíf og menningu. Hér á að búa og hér skal búa ein þjóðar fjölskylda og deila með sér kjörum með jafnrétti og réttlæti að leiðarljósi og hér skal hvorki sundurlyndisfjandinn, aðgreiningarhyggjan, sjálfselskan né mannfyrirlitningin fá að hreiðra um sig.

Við höfum undanfarin misseri barist fyrir og byggt upp stemninguna fyrir stóriðjustoppi. Fleiri og fleiri gerast nú sammála okkur um að nú sé nóg komið, a.m.k. í bili, af mengandi álverum og náttúruskemmandi stórvirkjunum. Við höfum barist fyrir öðrum áherslum í

atvinnu- og byggðamálum. Við höfum barist fyrir jöfnuði og jafnrétti í samskiptum byggðanna, landshlutanna, fyrir fjölbreyttri atvinnustefnu sem nýtir auðlindir lands og þjóðar hófsamlega, uppbyggilega og í anda sjálfbærrar þróunar. Við höfum verið helstu talsmenn einyrkjanna, nýju fyrirtækjanna, litlu og meðalstóru fyrirtækjanna í atvinnulífinu. Við höfum reynt að benda á óviðunandi rekstrarskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreinanna sem stóriðjuplógurinn er að ryðja til hliðar og í sumum tilvikum úr landi.

Við höfum lagt fram róttækar tillögur um aðgerðir á sviði jafnréttismála þar sem hinum kynbundna launamun sé sagt stríð á hendur, þar sem jafnréttisyfirvöld hafi sterkari stöðu í stjórnkerfinu, fái sama rétt og samkeppnis- og skattayfirvöld til þess að sækja upplýsingar inn í fyrirtæki sem kunna að vera að mismuna fólki eftir kynferði í launagreiðslum. Við höfum leitt baráttuna gegn vændi og mansali og gegn ofbeldi gegn konum, fyrir fullu kynfrelsi þeirra og rétti til að ráða eigin líkama, lífi og örlögum.

Og við höfum, svo merkilegt sem ýmsum kann að finnast það, verið helsta rödd ábyrgðar í efnahagsmálum. Við höfum bent á viðskiptahallann og vaxandi erlendar skuldir og leiðir út úr þeim ógöngum sem stóriðjustefnan, óráðsústefnan og „láta vaða á súðum“-stefnan hefur í för með sér.

Að öðru leyti vísa ég til þess breiða málefnapakka sem hér er til umfjöllunar á fundinum, til þeirrar stefnu sem við höfum mótað og skýrt á undanförunum árum.

Það er líka til önnur aðferð til að setja áherslur okkar fram. Við skulum staldra við það hver eigi að verða fyrstu verkefni nýrrar ríkisstjórnar. Hvað ætlum við að gera fyrstu 3 til 4 mánuðina, fyrstu 90-120 dagana, sem við verðum við völd ef sú von okkar gengur eftir að nú verði loks umskipti í stjórnámálum landsins.

- Ég mæli með því að við myndum í fyrsta lagi bjóða heildarsamtökum aldraðra og öryrkja til samráðsfunda um hvernig umbótum í þeirra málum verði hrint í framkvæmd. Við myndum setja í framkvæmd sameiginlega stefnumótun stjórnarandstöðunnar frá sl. hausti um umbætur og bætt kjör þessara hópa þannig að strax á síðari hluta ársins 2007 kæmu til framkvæmda fyrstu áfangarnir í tillögu okkar um nýja skipan þeirra mála. Viðbótarfjármunir af stærðargráðunni 7 milljarðar króna á ársgrundvelli myndu renna til málaflokksins og stórbæta kjör þessa hóps.
- Við myndum í öðru lagi gefa út yfirlýsingu um stóriðjustopp, kalla orkufyrirtækin og iðnfyrirtæki sem hafa haft framkvæmdir í undirbúningi tafarlaust til viðræðna um breytta stöðu þeirra mála. Þeim gæfist kostur á því að frysta sín áform og eiga sínar rannsóknarniðurstöður eða velja, ef þau svo kysu, að fá rannsóknir og annan undirbúning keyptan. Stóriðjustoppið væri liður í aðgerðum til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika og gefa vinnumarkaðinum færi á að leita jafnvægis á nýjan leik um leið og náttúru Íslands væru gefin grið.
- Í þriðja lagi og í beinu framhaldi myndum við hrinda af stað víðtækri friðlýsingaráætlun þar sem vatnsföll og háhitasvæði yrðu friðlýst hvert á fætur öðru og verndun þeirra og annars konar nýting en til orkuframleiðslu þannig tryggð um aldur og ævi. Samhliða yrði endanlegri gerða rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hraðað og grunnur lagður að mótun sjálfbærrar orku- og atvinnustefnu.

- Í fjórða lagi myndum við leggja grunn að nýjum fjárlögum og breyttum útfærslum í ríkisfjármálum og skattamálum. Við myndum byrja að vinda ofan af þeirri tilfærslu skattbyrðinnar sem verið hefur í gangi að undanfögnu frá hátekjufólki, efnamönnum og gróðafyrirtækjum yfir á almennt launafólk og þar fyrst og fremst á lægri laun. Þessu myndum við breyta til hagsbóta fyrir hinn almenna launamann með hækkun skattleysismarka, með breyttri útfærslu fjármagnstekjuskatts, með því að gera þeim sem hafa tugi og hundruði milljóna í fjármagnstekjur skylt að reikna sér hæfileg laun eða endurgjald þannig að þeir borgi sanngjarnan hlut til samfélagsins eins og aðrir og með fleiri ráðstöfunum sem við höfum lagt til og barist fyrir á undanfögnu árum. Við erum ekki í sjálfu sér þar með að boða skattahækkunir í heild, heldur tilfærslur, enda ekki þörf á slíku miðað við afkomu ríkissjóðs eins og hún er í dag.
- Við myndum í fimmta lagi boða sveitarfélögin í landinu til viðræðna. Einn helsti veikleiki velferðarsamfélagsins og dragbítur á atvinnu- og byggðaðróun í landinu er óviðunandi afkoma sveitarfélaganna. Við myndum bjóða sveitarfélögum til viðræðna um hvernig þeim yrðu tryggðar meiri tekjur í tvíþættum tilgangi: annars vegar til að bæta afkomu þeirra almennt, hins vegar til að gera þeim kleyft að ráðast í löngu tímabær umbótaverkefni í samstarfi við ríkið og á grundvelli viðbótartekna til að gera leikskólann og grunnskólann gjaldfrjálsan, til að gera sveitarfélögin – ekki síst á landsbyggðinni – virkari á nýjan leik í aðgerðum sem lúta að atvinnuþróun og nýsköpun og síðast en ekki síst til að taka á í umhverfismálum. Við myndum í þeim viðræðum taka hinar almennu undirliggjandi aðstæður til búsetu, tækifæri til mennta, aðgengi að heilbrigðisþjónustu og öðru slíku upp á borðið og setja okkur engin metnaðarminni markmið en þau að jafna að fullu rétt og aðgengi landsmanna til nauðsynlegrar undirstöðuþjónustu án tillits til búsetu.
- Í sjötta lagi myndum við bjóða út strandsiglingar. Það myndum við gera sem lið í því að ná niður flutningskostnaði, í þágu umhverfisverndar og umferðaröryggis á vegum. Slíkt útboð gæti, að mínu mati, farið fram þegar síðsumars og það eru engin sérstök vandamál því samfara að rökstyðja og réttlæta slíka gjörð, hvort sem það er gert sem umhverfisaðgerð eða byggðaaðgerð. Með sama hætti og Evrópusambandið sjálft eða frændur okkar Norðmenn geta stutt slíkar samgöngur, þá getum við það, ef vilji er fyrir hendi.
- Í sjöunda lagi myndum við tafarlaust lýsa því yfir að stuðningur Íslands við innrásina í Írak hefði verið mistök. Við myndum taka Ísland af lista yfir þjóðir sem studdu innrásina. Við myndum fella úr gildi allar heimildir Bandaríkjamanna til afnota af íslensku landi, lofthelgi og flugvöllum og hefja undirbúning að mótnun friðsamlegrar utanríkisstefnu af Íslands hálfu.
- Í áttunda lagi myndum við setja framhald af vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar á fulla ferð á nýjan leik með það að markmiði að um mitt kjörtímabil gæti þjóðin, í sjálfstæðum kosningum, kosið um nýja, heildstætt endurskoðaða stjórnarskrá, þar sem ákvæði um kvenfrelsi, um lýðræði og mannréttindi almennt, yrðu í fremstu röð, þar sem sameignarákvæði á auðlindum yrði í stjórnarskrá, þar sem ævarandi herleysi, vopnleysi og friðarstefnu íslensku þjóðarinnar yrði lýst yfir.
- Í níunda lagi myndum við bjóða aðilum vinnumarkaðarins til viðræðna við stjórnvöld um breyttar áherslur í launamálum, þar sem að tvennt væri meginmarkmið: að hækka lægstu laun umtalsvert í tengslum við skattkerfisbreytingar sem léttu sköttum af fólki

upp að lágmarkslaunum og þar með talið í leiðinni að sjálfsögðu af öllum þeim sem þiggja samfélagslaun. En hitt meginmarkmið slíkra viðræðna yrði að segja kynbundnum launamun stríð á hendur og láta ekki staðar numið fyrr en hann væri horfinn. Samhliða myndum við endurskoða löggjöf og styrkja stöðu jafnréttisyfirvalda þannig að hvoru tveggja tækin til að upplýsa eða rannsaka slík mál og viðurlögin, ef út af er brugðið, yrðu fullnægjandi.

- Við myndum í tíunda lagi hefja framkvæmd aðgerðaáætlunar til kvenfrelsis þar sem veigamikill þáttur er að tryggja kynfrelsi kvenna og gera heimilisofbeldi og hvers kyns kynbundið ofbeldi gegn konum og börnum brottrækt úr samfélaginu.
- Við myndum í ellefta lagi endurskoða samgönguáætlun Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og henda út úr henni hugmyndum um einkarekstur og einkavæðingu vegakerfisins. Síðan auka verulega fjárveitingar til úrbóta almennt í samgöngu- og fjarskiptamálum á næstu misserum.
- Við myndum í tólfta lagi endurskoða skipulag stjórnarráðsins, þar sem veigamikill þáttur yrði styrkt staða umhverfisráðuneytisins og að það yrði raunverulegt umhverfisráðuneyti sem fengi forræði yfir rannsóknum og nýtingarstjórnun auðlinda.
- Við myndum í þrettánda lagi setja óháða og tæmandi rannsókn í gang á málum allra þeirra barna og ungmenna sem sættu harðræði eða beinlínis urðu fyrir misþyrmingum og beitt voru kynferðisofbeldi, hvar sem það var á umliðnum áratugum á stofnunum eða heimilum. Við myndum gera allt sem í mannlegu valdi stæði til að græða þau sár og bæta fyrir brot þar sem samfélagið brást, hvort sem það var í Heyrnleysingjaskólanum, á heimilinu í Breiðuvík eða annars staðar. Við myndum með sama hætti setja gagnsæja, óháða og tæmandi rannsókn í gang á mannréttindabrotum, símhlerunum og persónunjósnum kaldastríðstímans og ekki sætta okkur við annað en að upplýsa til fulls og eftir atvikum greiða þeim þolendum sem brotið var á eða aðstandendum þeirra bætur.
- Við myndum í fjórtánda lagi færa þjóðinni aftur Ríkisútvarpið, þannig að í síðasta lagi um næstu áramót væri Ríkisútvarpið aftur orðið að raunverulegu almenningsútvarpi, þjóðarútvarpi.
- Í fimmtánda lagi myndum við strax á vorþingi, í lok maí eða byrjun júní, fella úr gildi lögin sem að óbreyttu einkavæða vatnið í haust.
- Í sextánda lagi myndum við leggja grunn að alveg nýjum tímum, nýrri öld hvað snertir stuðning við nýsköpun og þróun í atvinnulífinu. Til þess þarf að stórefla atvinnuþróunar- og ráðgjafarstarf, bæta uppbyggingar- og rekstarskilyrði hvers kyns nýsköpunar- og sprotafyrirtækja sem og útflutnings- og samkeppnisgreina almennt. Frostavetri stóriðjuþenslunnar og ruðningsáhrifum gagnvart öllu öðru atvinnulífi mun þá linna og fjölbreytt, framsækið og þekkingarmiðað atvinnulíf blómstra í staðinn.
- Við myndum í sautjándanum lagi tryggja fullt jafnræði karla og kvenna í ríkisstjórn og hrinda af stað metnaðarfullri áætlun um að jafna hlut kynjanna þar sem hallar á konur og binda nauðsynleg ákvæði þar að lútandi í lög.

- Við myndum í átjándalagi setja á fót Loftslagsráð þar sem stjórnmalaflokkar og fagaðilar setjast saman yfir hvernig Ísland uppfylli skyldur sínar og taki ábyrgan þátt í þeim gríðarlegu verkefnum sem blasa við mannkyninu hvað það mál snertir.
- Í nítjándalagi myndum við bjóða stjórnarandstöðunni aðild að mikilvægum nefndum og ráðum og tryggja þeim eðlilegan áhrifahlut í þinginu. Við munum ekki hefna þess hvernig núverandi stjórnarflokkar hafa á sínum valdatíma lagt til hliðar allt lýðræðislegt og eðlilegt samráð milli stjórnar og stjórnarandstöðu heldur þvert á móti sýna í verki að við teljum mikilvægt að menn ræði saman, að menn hlusti á ólík sjónarmið og taki sanngjarnt tillit til þeirra, án tillits til þess hver fer með völdin hverju sinni.
- Í tuttugustalagi er eitt sem við þurfum ekki að gera. Við þurfum ekki að tilkynna erlendum her í landinu að hans nærveru sé ekki óskað lengur, því hann er farinn og húrri fyrir því.

Góðir félagar, ég fór hér yfir fyrstu verkefni nýrrar ríkisstjórnar. Aðeins nokkur sýnishorn auðvitað. Upptalningin sýnir þó strax til hve mikils er að vinna, hversu gríðarlega spennandi tímar eru framundan takist okkur að fella ríkisstjórnina og knýja fram breytta stjórnarstefnu. Já, framundan eru vissulega ærin verkefni en þau eru um leið spennandi. Ísland á stórkostlega möguleika. Hér eru betri aðstæður en víðast hvar, ef ekki alls staðar annars staðar í heiminum, til þess að byggja friðsælt og réttlátt og gott velmegunarsamfélag – ef við vöndum okkur, ef við leggjum rétta hluti til grundvallar, ef við setjum hagsmuni mannsins sjálfs, almennings, fjölskyldanna í landinu og náttúrunnar í öndvegi. Hin harða markaðs- og nýfrjálshyggjuvæðing samfélaganna, sem hefur verið keyrð áfram af miklum krafti í vestrænum stjórnmalum víða á umliðnum 20 til 30 árum, er sem betur fer blessunarlega á undanhaldi. Fleiri og fleiri sjá að þær breytingar í þjóðfélaginu sem þessari stefnu eru samfara eru ekki til góðs. Það samfélag græðgisvæðingar og stóraukins misréttis sem hrárrí markaðs- og einkavæðingarstefnunni, nýfrjálshyggjunni, fylgir er ekki það samfélag sem við viljum.

En til þess að almenningur, kjósendur í landinu, þori að breyta, þá verða þeir að geta gengið að því vísu og treyst því að það sem við taki verði betra, í boði sé ábyrg og raunsæ stjórnarstefna. Og það ætlum við að tryggja. Við leggjum fram okkar trúverðugleika. Við leggjum okkar spil á borðið og við segjum við þjóðina: Þið getið treyst okkur. Þið vitið hvar þið hafið okkur. Þess vegna segjum við með skýrum hætti hvað við ætlum að gera. Og þess vegna förum við ekki með himinskautum með stórkaralegum loforðum sem aðrir eiga að efna inn í framtíðinni. Listinn sem ég fór hér með áðan er raunhæfur. Hann er framkvæmanlegur. Hann er ekki loforð um tugmilljarða útgjöld á aðra hliðina og skattalækkanir og minnkandi tekjur til samneyslunnar á hina hliðina. Hann er raunhæf aðgerðaráætlun til þess að snúa við blaðinu og hefja Ísland til vegs á nýjan leik sem norrænt velferðarsamfélag, velferðarsamfélag sem stendur undir nafni um leið og það axlar ábyrgð gagnvart umhverfinu og framtíðinni.

Sjálfsvirðingin er ein dýrmætasta eign hvernar manneskju. Alveg eins er það með stjórnmalahreyfingu. Stjórnmalahreyfing sem glatar sjálfsvirðingu sinni hefur í reynd um leið fyrirgert tilverurétti sínum. Ég trúí því staðfastlega að það sé eftirspurn eftir heiðarleika og málefnaþundnum, skýrum áherslum í stjórnmalum líðandi stundar. Einkum vegna þess að hin niðurskornu, hraðsoðnu sjónvarpsstjórnmal í glysumbúðum auglýsinganna mola smátt og smátt undirstöður lýðræðisins og tortíma þannig sjálfum sér. Það gerist ekki síst þannig að almenningur missir áhugann, kosningaþátttaka minnkar og sú tilfinning manna, að engu skipti

hver sé við völd, ágerist. Þetta er öllu skynsömu og hugsandi fólki ljóst. Við, með okkar áherslur og okkar starfshætti, erum uppreisn gegn þessari þróun. Það á kannski stærri þátt í að skýra velgengni okkar og meðbyr en margur hyggur. Við munum þess vegna og hvort sem heldur er halda okkar striki í kosningabaráttunni sem framundan er, þora að nota okkar aðferðir, halda okkur við málefnið hvað sem öðru líður og hvað sem aðrir gera.

Að lokum, góðir félagar, skiptir mestu, þegar upp er staðið, að vera sáttur við sjálfan sig. Þá ósk á ég okkur til handa, fyrir utan auðvitað hitt, og ég leyni því ekki, að ég er bjartsýnn og trúi að okkur muni vegna vel. En fyrst af öllu óska ég okkur þess að þegar dagur er að kveldi 12. maí nk. þá komum við saman sátt og glöð til að bíða úrslitanna, vitandi að við höfum gert okkar besta, unnið eins vel og við gátum.

Sigur í einum kosningum eru þó ekkert lokamarkmið í stjórnámálum. Aðeins þeir sem eru fullir örvæntingar, eru að falla á tíma eða eiga í annars konar tilvistarkreppu hugsa þannig. Vinstrihreyfingin – grænt framboð er enn ung að árum og rétt að byrja að láta finna fyrir sér borið saman við þann stóra hlut sem við ætlum okkur á komandi árum og áratugum í íslenskum stjórnámálum.

Þannig að við andstæðinga okkar segi ég: Bíðiði bara, við erum rétt að byrja.

Við þjóðina segi ég: Við erum tilbúin, við bjóðum fram krafta okkar, þið vitið hvar þið hafið okkur.

Við okkur sjálf segi ég: Verum bjartsýn og baráttuglöð, varðveitum eindrægni og samstöðu eins og sjáöldur augna okkar og munum að okkur er nú trúað fyrir miklu. Tugir þúsunda setja traust sitt á okkur og binda vonir sínar um betra og réttlátara samfélag, um vernd náttúru og umhverfis við okkar starf. Þeim trúnaði munum við ekki bregðast.

Ég endurtek þakklæti mitt til allra sem hér hafa lagt hönd á plóginn og til ykkar allra sem eiga eftir að leggja mikla vinnu á ykkur – ekki bara hér á fundinum heldur á næstu vikum, mánuðum og árum. Ég veit að við munum eiga hér kraftmikinn og góðan landsfund saman og fara heim, að honum loknum, albúin í átökin sem framundan eru, í slaginn um annað eða þriðja sætið í stærðarröð íslenskra stjórnámálaflokka. Við ætlum okkur ekkert minna en silfur eða í öllu falli brons á næsta móti, mótinu við þjóðina 12. maí næstkomandi.

Ég þakka ykkur þolinmæðina og segi fimmta reglulega landsfund Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs settan.